

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa
nr. 39 19. marz 1970.

1. gr.

3. tl. XVI. liðs 4. gr. orðist svo:

Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í skurðlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrði eru tími skv. XIII, 1, a og b og 2, b.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. nóvember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði
Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Þróttar, Reykjavík, en það nær yfir Reykjavík, Kópavog og Kjósarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 200. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Þróttar, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Kópavogs og sýslunefndar Kjósarsýslu.

3. gr.

Vörubifreiðastöð sú, er Vörubílstjórafélagið Þróttur rekur í Reykjavík, hefur hlotið viðurkenningu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Kópavogs og sýslunefndar Kjósarsýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Þróttar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Þróttur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir